



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Samræmd próf í íslenskum grunnskólum

Rýnt í tillögur stjórnarráðs um framtíð samræmdra prófa

Bjartur Finnbogason

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Maí 2024

DEILD FAGGREINAKENNSLU

Samræmd próf í íslenskum grunnskólum
Rýnt í tillögur stjórnarráðs um framtíð samræmdra prófa

Bjartur Finnbogason

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í Grunnskólakennslufræði

Leiðbeinandi: Freyja Hreinsdóttir

Deild faggreinakennslu
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Maí 2024

Samræmd próf í íslenskum grunnskólum
Rýnt í tillögur stjórnarráðs um framtíð samræmdra prófa

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs
í Grunnskólakennslufræði við Deild faggreinakennslu
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Bjartur Finnbogason 2024

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Í eftirfarandi ritgerð verður fjallað um samræmd próf í grunnskólum og framtíðaráætlanir íslenskra menntayfirvalda fyrir samræmt námsmat. Samræmd próf voru ekki lögð fyrir síðan á skólaárinu 2021-2022 og ný hugmynd menntamálastofnunnar sem kallast *Matsferill* á að taka við. Í ritgerðinni er rýnt í þrjár skýrslur sem starfshópur sem skipaður var af menntamálaráðherra 16. apríl 2018 hefur gefið út. Þær skýrslur eru *Áfangaskýrsla: Starfshópur um samræmd könnunarpróf (2018)*, *Framtíðarstefna um samræmt námsmat (2020)* og *Matsferill: Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið (2022)*. Í þeim má finna það sem þessi starfshópur hefur skrifað um varðandi rannsóknir þeirra og hugmyndir um framtíð samræmdra prófa á Íslandi. Einnig verður fjallað um hvernig lönd sem við viljum líta til í menntamálum haga samræmdum prófum hjá sér. Samræmd próf eru mikilvægur þáttur í námsmati landa til þess að hægt sé að mæla getu og skilning nemenda í einstökum námsgreinum og bera niðurstöður saman við jafnaldra þeirra. Niðurstöður þessara mælinga eru mikilvægur þáttur í að bæta getu skóla til að gefa hverjum og einum nemanda námsefni við sitt hæfi.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Hvað eru samræmd próf?	8
2.1 Saga samræmdra prófa á Íslandi	8
2.2 Gerð samræmdra prófa á Íslandi	9
2.3 Tilgangur samræmdra prófa	10
2.4 Kostir og gallar samræmdra prófa	10
2.4.1 Kostir	10
2.4.2 Gallar	11
3 Samræmd próf í öðrum löndum	12
3.1.1 Danmörk	12
3.1.2 Svíþjóð	13
3.1.3 Noregur	13
3.1.4 Finnland	13
3.1.5 Ontario – Kanada	13
3.1.6 Holland	14
3.2 Fjölbreytt menntakerfi	14
4 Áætlanir um framtíð samræmdra prófa á Íslandi	16
4.1 Starfshópurinn	16
4.2 Matsferillinn	17
4.3 Framtíðarstefna um samræmt námsmat	17
5 Umræða	19
5.1 Hugsanlegir kostir matsferils	19
5.2 Hugsanlegir gallar matsferils	19
5.3 Þurfum við samræmt námsmat?	20
5.4 Umhugsunarefni	20
6 Lokaorð	22
Heimildaskrá	24

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni til B.Ed-gráðu í Grunnskólakennslu með áherslu á stærðfræði við Háskóla Íslands vorið 2024. Ritgerðin er um samræmd próf á Íslandi en hugmyndin að verkefninu kviknaði vegna ákvörðunar menntayfirvalda um að leggja niður samræmd próf tímabundið á meðan verið er að endurskoða þau.

Ég vil þakka Freyju Hreinsdóttur leiðbeinanda mínum fyrir að leiðbeina mér í gegn um þetta ferli.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](#) (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur) Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálfur ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Akranes, 1.maí 2024

Bjartur Finnbogason

1 Inngangur

Í þessari ritgerð er fjallað um samræmd próf, kosti og galla þeirra, tilgang þeirra, hvað menntayfirvöld á Íslandi hafa í huga fyrir framtíð samræmdra prófa og samanburð við önnur lönd. Ritgerðin byggist að mestu leyti á skýrslum sem gefnar hafa verið út af Stjórnarráði Íslands og Menntamálastofnun en þær voru gefnar út á árunum 2018, 2020 og 2022. Í þeim er að finna tillögur starfshóps sem skipaður var árið 2018 af þáverandi Mennta- og menningarmálaráðherra um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra prófa á Íslandi. Þeirra tillaga var að gert væri safn matstækja í fjölmörgum námsgreinum sem myndi vera kallað *matsferill* en í þessari ritgerð verður meðal annars fjallað um hann.

Hugmyndin að ritgerðinni var sú að samræmd próf voru ekki lögð fyrir á skólaárinu 2022-2023 og það fékk mig til að hugsa um framtíðarplön stjórnvalda um samræmd próf. Lengi vel hefur verið mikil umræða og gagnrýni í garð samræmdra prófa og oft hefur sú gagnrýni verið nokkuð neikvæð. Þetta fannst mér líka ástæða til að kafa dýpra í samræmd próf og kynna mér þau betur. Í menntamálum er áhersla lögð á að námsmat sé fjölbreytt svo að hægt sé að meta getu nemenda á mörgum mismunandi sviðum og ég tel að samræmd próf séu mikilvægur þáttur í að meta nemendur sem annars finnst ekki í venjulegu skólastarfi.

Í kaflanum um önnur lönd verður farið yfir hvernig 6 önnur lönd haga samræmdum prófum hjá sér. Löndin sem tekin voru fyrir eru Norðurlandabjórðirnar, Canada (Ontario) og Holland. Samanburður við önnur lönd er mjög mikilvægur þar sem við getum horft til þeirra og ákveðið hvaða þætti við viljum innleiða hjá okkur eftir að hafa séð hvernig þeir hafa virkað annar staðar í heiminum.

Í umræðukafla ritgerðarinnar er fjallað um mögulega kosti og galla matsferilsins eins og tillögurnar um hann hljóma núna. Einnig er þar fjallað um samræmt námsmat og hvort við þurfum á annað borð á því að halda. Neikvæðar raddir í garð samræmdra prófa og neikvæð umfjöllun um þau í fjölmiðlum láta það oft hljóma eins og þau séu ekki til neins og séu bara fyrir og halda aftur af öðru skólastarfi. Að lokum verður fjallað um umhugsunarefni þegar kemur að samræmdum prófum þar sem höfundur veltir fyrir sér nokkrum atriðum sem snúa að samræmdum prófum með tilliti til þess sem kemur fram í fyrri köflum.

2 Hvað eru samræmd próf?

Í þessum kafla er gerð grein fyrir því hvað samræmd próf eru og hvað kemur fram í stjórnsýslu og aðalnámskrá um tilgang þeirra. Þar næst verður fjallað um hvers vegna samræmd próf samanstanda yfirleitt nánast eingöngu af fjölvalsspurningum og af hverju það skiptir máli. Einnig verður farið hratt yfir sögu samræmdra prófa á Íslandi frá því að þau voru fyrst lögð fyrir þar til ákvörðun var tekin um að leggja þau tímabundið niður. Við skrif á sögu samræmdra prófa var stuðst við upplýsingar frá Stjórnarráði Íslands.

2.1 Saga samræmdra prófa á Íslandi

Meginhluti þeirra gagna sem koma fram í þessum kafla koma úr töflu sem má finna á blaðsíðu 17-18 í skýrslunni *Framtíðarstefna um samræmt námsmat* sem gefin var út af Stjórnarráði Íslands árið 2020.

Fyrsta samræmda námsmat í skyldunámi á Íslandi var lagt fyrir árið 1907 og átti það að prófa kunnáttu skólabarna á aldrinum 10-14 ára. Prófað var úr lestri skrift, kristinfræði, reikningi, notkun landakorts og nokkrum einföldum sönglögum. Árið 1930 var bætt við nokkrum atriðum sem prófa átti úr og var aldri nemenda sem fóru í prófin breytt í 8-14 ára. Samkvæmt lögum sem fylgdu þessum prófum áttu prófin að vera haldin árlega. Nemendur sem luku lögskipuðu námi fengu vottorð um kunnáttu og þroska sinn. Á árunum 1946 til 1968 var komið á svokölluðu fullnaðarprófi í lok 8. bekkjar en þá voru nemendur prófaðir í lestri, stafsetningu, málfræði og reikningi. Þau próf höfðu afgerandi áhrif á hvort nemendur gætu innritast í landsprófsdeildir. Sömu ár var komið á landsprófi sem var lokapróf úr miðskóla og gegndi hlutverki inntökuprófs í menntaskóla en þar var prófað úr átta mismunandi námsgreinum. Árið 1968 urðu til svokölluð samræmd gagnfræðapróf en í þeim var prófað úr íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Bæði landspróf og samræmd gagnfræðipróf voru haldin í síðasta skipti árið 1976.

Árið 1977 var í fyrsta sinn lagt fyrir samræmd grunnskólapróf í lok 9. bekkjar. Námsgreinar sem prófað var úr eru íslenska, stærðfræði, erlent tungumál og nemendur gátu valið milli prófs í raungreinum og samfélagsgreinum. Þá voru gefnar einkunnir í bókstöfunum A, B, C, D og E en þær voru miðaðar við normaldreifingu. Samkvæmt normaldreifingunni fengu 7% nemenda A, 24% B, 38% C, 24% D og 7% E (Meyvant Þórólfsson, 2021). Árið 1995 voru samræmd próf lögð fyrir í 4.- og 7. bekk og samræmd lokapróf við lok grunnskóla. Í 4.- og 7. bekk var prófað úr íslensku og stærðfræði en nemendur í 10. bekk tóku líka próf í ensku og dönsku og öll prófin voru skylda. Í lögum var lögð áhersla á aukið samræmt námsmat í grunnskólum. Árið 2001 var námsgreinum sem prófað var úr í lok 10. bekkjar fjölgað í sex en þá bættust náttúrufræði og samfélagsgreinar við. Prófin í 10. bekk voru þá gerð valfrjáls en nemendur í 4.- og 7. bekk voru

áfram skyldugir til að taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Í lögum kom fram að tilgangur prófanna væri að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð og að veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara og fræðsluyfirvalda. Einnig áttu þessi samræmdu próf að vera viðmið fyrir inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir í framhaldsskóla.

Árið 2008 breyttist nafn prófanna í „samræmd könnunarpróf“ en megintilgangur þeirra var að veita upplýsingar um stöðu nemenda og að skapa færi á að styðja við nám þeirra í viðkomandi greinum. Nemendur 4.- og 7. bekkjar þreyttu áfram próf í íslensku og stærðfræði en nemendur 10. bekkjar voru líka prófaðir í ensku. Þessi samræmdu könnunarpróf áttu þá ekki lengur að gilda neitt fyrir inntöku nemenda í framhaldsskóla og voru þau flutt til hausts í stað þess að hafa þau við lok grunnskóla. Árið 2017 voru prófin lögð fyrir eins og fyrri ár nema prófin sem voru í 10. bekk voru færð niður í 9. bekk og áttu þau að vera haldin að vori í stað hausts. Í reglugerð sem var sett í kjölfar aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013 kom fram að prófin ættu nú að vera hæfnimiðuð en ekki eingöngu markmiðsbundin eins og áður. Einnig kom fram að þau ættu að vera leiðbeinandi og upplýsandi (Stjórnarráð Íslands, 2020).

2.2 Gerð samræmdra prófa á Íslandi

Samræmd próf í grunnskólum á Íslandi samanstanda yfirleitt nánast eingöngu af fjölvalsspurningum sem er nokkuð umdeild tegund af spurningum. Ástæðan fyrir þessu er að fjölvalsspurningar tryggja áreiðanleika niðurstaða en það þýðir einfaldlega að þær gefa mjög nákvæmar mælingar. Það er sama hver fer yfir prófið sem útilokar alla hlutdrægni og persónulegan mismun í endurgjöf. Einnig er stór kostur prófa sem samanstanda af fjölvalsspurningum nú til dags að yfirferð þeirra getur verið rafræn og því er yfirferð þeirra mun ódýrari og fljótlegri. Ein af ástæðunum fyrir því að próf sem samanstanda eingöngu af fjölvalsspurningum eru umdeild er að með fjölvalsspurningum er yfirleitt ekki hægt að tryggja sama réttmæti og aðrar tegundir af spurningum eins og til dæmis styttri og lengri ritunarspurningar þar sem nemendur fá tækifæri til að rökstyðja svör sín. Í svoleiðis spurningum hafa nemendur möguleika á að sýna meiri hæfni og auðveldara er að sjá hvort hæfnin er til staðar. Með fjölvalsspurningum með fjóra valmöguleika eru alltaf 25% líkur á að merkt sé við rétt svar sama hvort þekkingin sé til staðar eða ekki. Með opnari spurningum getur verið mismunur á endurgjöf eftir því hver stendur fyrir henni og þar með gefur spurningin ekki sömu mynd af því hvar nemandi stendur miðað við aðra þar sem niðurstöður eru ekki jafn áreiðanlegar.

2.3 Tilgangur samræmdra prófa

Samræmd próf eru notuð sem mælitæki sem mæla færni nemenda í ákveðnum námsgreinum. Tilgangur þeirra er fjölbreyttur og fer eftir því hvað á að nota niðurstöður þeirra í en samkvæmt reglugerð 173/2017 (sem nú hefur verið brottfelld vegna endurskoðunar á samræmdum prófum) er tilgangur samræmdra könnunarprófa að:

- Athuga, eftir því sem kostur er, að hvaða marki hæfniviðmiðum aðalnámskrár í viðeigandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð
- Vera leiðbeinandi um áherslur í námi einstakra nemenda
- Veita nemendum, foreldrum, skólum og menntayfirvöldum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda
- Veita upplýsingar um hvernig einstakir skólar og skólakerfið í heild stendur í þeim námsgreinum og námsþáttum sem prófað er úr. (reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla nr. 173/2017)

Samræmd próf eru því greinilega ætluð öllum aðilum skólastarfs og eiga að veita upplýsingar til nemenda, foreldra, kennara, skóla og menntayfirvalda. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) á námsmat að „veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.“ Á Íslandi hefur því greinilega verið lögð áhersla á að samræmd próf eigi að veita upplýsingar og að nýta eigi niðurstöðurnar til að gera nám meira einstaklingsmiðað.

2.4 Kostir og gallar samræmdra prófa

2.4.1 Kostir

Kostir samræmdra prófa eru aðallega tengdir upplýsingagjöf og áreiðanleika niðurstaðna. Eins og hefur komið fram er mikil áhersla í samræmdum prófum á að niðurstöður prófanna séu áreiðanlegar. Það tryggir það að allir nemendur séu metnir á sömu forsendum þar sem enginn efi er um hvort merkt hafi verið við rétt svar eða ekki. Það er stór kostur þegar verið er að halda stór próf þar sem niðurstöðurnar skipta máli. Einnig er upplýsingagjöf til nemenda, kennara, skóla og menntayfirvalda mjög stór kostur þar sem það getur verið gott mat á því sem fer fram í skólum og á frammistöðu nemenda milli ára. Upplýsingarnar sem hægt er að fá úr samræmdum prófum geta verið nýttar til að bæta nám og sjá hvar nemendur eru staddir í ákveðnum þáttum náms eða sem hluti lokamats þar sem prófin eiga að vera áreiðanlegt mat á því hvar nemendur eru staddir í náminu.

Í rannsóknargrein Benjamin og Pashler (2015) kemur fram að próf geta haft jákvæð áhrif á lærdóm nemenda. Þar kemur fram að próf geta bætt minni og að þau geti hjálpað nemendum að uppgötva hvaða námstækni hentar þeim og hentar þeim ekki. Þegar nemendur taka próf geta þeir áttað sig á því hvaða námstækni skildi mest eftir sig. Einnig kom fram í þessari rannsókn að þegar nemendur gera villur á prófi getur það haft góð áhrif á minni með rétttri endurgjöf. Þar er vísað í rannsókn eftir Kornell, Hays og Bjork (2009) en þar voru nemendur beðnir um að svara ósvaranlegum spurningum atburði sem gerðust ekki. Tveir nemendahópar tóku þátt í rannsókninni. Annar hópurinn svaraði fyrst spurninguni og fékk svo svarið en hinn hópurinn fékk einfaldlega að heyra svarið. Nemendurnir sem svöruðu fyrst vitlaust áður en þeir fengu svarið mundu það betur en hópurinn sem fékk ekki tækifæri til að svara spurningunni fyrst.

2.4.2 Gallar

Samræmd próf eins og mörg önnur próf mæla of mikið hvaða nemendur eru góðir í að taka próf. Allskonar þættir geta haft áhrif á getu nemenda til að taka próf. Til dæmis eru nemendur líklegri til að ganga verr í prófinu ef þeir hafa fengið lítinn svefn, eru stressaðir eða svangir (Britannica ProCon.org, 2024). Hægt er að láta þetta hafa minni áhrif með því að skipta prófunum í fleiri lítil próf svo að nemendur geti vonand verið vel stefndir á einhverjum af dögum sem prófin eru á. Ef samræmd próf eru lögð fyrir sem eitt stórt próf í hverri grein eins og það hefur verið á Íslandi gæti verið að ákveðnir nemendur séu illa stefndir á degi prófsins og þá gefa niðurstöðurnar líklega ekki rétta mynd af getu nemandans.

Annar galli er að þegar stór og mikilvæg próf er annars vegar eiga kennarar til að byrja að kenna fyrir prófið. Í rannsókn Au (2007) greindi hann 49 eigindlegar rannsóknir þar sem fjallað var um áhrif „high-stakes“ prófa. Þar fann hann að gögnin bentu sterklega til þess að þegar kemur að svona prófum eru kennarar líklegir til að kenna einungis þau fög sem verið er að prófa úr og einungis brot úr þeim sem líkleg eru að koma á prófi eins og staðreyndir. Einnig eru kennarar líklegri til að nota kennaramiðaðar kennsluaðferðir eins og útlistunarkennslu, þulunám og þjálfunaræfingar. Í minnihluta tilfella notaði kennarinn meira nemendamiðaðar kennsluaðferðir þegar kom að undirbúningi fyrir „high-stakes“ prófum. Þetta sýnir fram á að þessi próf stjórni of mikið kennslu en oftast eiga prófin að vera mælitæki á kunnáttu nemenda en ekki mælitæki á því hversu vel nemendur geta undirbúið sig fyrir prófspurningar.

3 Samræmd próf í öðrum löndum

Þessi kafli fjallar um það hvernig önnur lönd haga samræmdum prófum í sínum grunnskólum. Mikil fjölbreytni er í því hvernig fyrirkomulag samræmdra prófa er í löndum heimsins bæði varðandi tilgang og gerð þeirra. Mest áhersla verður á norðurlöndin þar sem það eru þau lönd sem við berum okkur hvað mest saman við þegar kemur að menntamálum. Stuðst verður við heimildir sem gefa góða mynd um það hvernig samræmdum prófum er hagað í þessum löndum. Heimildirnar koma frá heimasíðum ráðuneyta viðkomandi landa og frá heimasíðu Evrópusambandsins sem heitir „European Commission“ en þar má finna upplýsingar um menntun í mörgum evrópulöndum. Í nokkrum af löndunum sem verður farið yfir í kaflanum byrja nemendur grunnskólagöngu sína á sjöunda ári en ekki því sjötta og er grunnskólagöngu nemenda þá lokið við lok 9. bekkjar en ekki 10. bekkjar. Þessi lönd eru: Danmörk, Svíþjóð og Finnland.

3.1.1 Danmörk

Í Danmörku er verið að gera ný samræmd próf sem munu taka gildi á skólaárinu 2026/2027 en í millitíðinni eru haldin bráðabirgðapróf í dönsku (lestri) og stærðfræði sem haldin eru ár hvert í byrjun skólaárs. Þessi próf eru rafræn og eru sett upp þannig að allir nemendur svara spurningum í sömu röð. Nemendur taka prófin í dönsku í öllum bekkjum nema 5.- og 7. bekk og stærðfræðiprófin í öllum bekkjum nema 3.- og 5. bekk. Í öllum prófunum eru tímamörkin 45 mínútur nema í 2. bekk er þar eru þau aðeins 30 mínútur. Tilgangur prófanna er að kennarar og foreldrar/forráðamenn fái upplýsingar um frammistöðu sinna barna í þeim þáttum sem prófað er úr. Einnig kemur fram að niðurstöður prófana skuli vera notaðar til að bæta áframhaldandi nám nemenda (Børne- og Undervisningsministeriet, 2024).

Í lok skólagöngu í 9.- eða 10. bekk (nemendur eru ekki skyldugir til að taka 10. bekk) taka nemendur samræmd lokapróf þar sem þeir eiga að taka sjö próf en allir nemendur eru skyldugir til að taka fimm þeirra. Þessi fimm próf sem allir taka eru: munnlegt próf í dönsku, skriflegt próf í dönsku, skriflegt próf í stærðfræði, munnlegt próf í ensku og munnlegt próf sem samanstendur af efna- og eðlisfræði, líffræði og landafræði. Hin tvö prófin sem nemendur taka eru dregin þannig að ekki allir nemendur fá sömu próf. Annað prófið er úr vísindagreinum en þar geta nemendur verið prófaðir með: munnlegu prófi í stærðfræði, munnlegu prófi í íþróttufræðum, skriflegu prófi í efna- og eðlisfræði, skriflegu prófi í líffræði eða skriflegu prófi í landafræði. Hitt prófið sem nemendur geta fengið er: skriflegt próf í ensku, skriflegt eða munnlegt próf í þýsku eða frönsku, munnlegt próf í sögu, munnlegt próf í félagsvísindum eða munnlegt próf í kristinfræði (European Commission, 2024a).

3.1.2 Svíþjóð

Í Svíþjóð er skylda fyrir alla nemendur að taka próf í sænsku og stærðfræði í 3. bekk og sænsku, stærðfræði og ensku í 6.- og 9. bekk. Í 9. bekk fara nemendur einnig í próf í einu fagi úr flokki sem inniheldur félagsvísindagreinar og einu fagi úr flokki sem inniheldur vísindagreinar. Í flokki félagsvísindagreinnanna eru landafræði, trúarbragðafræði, saga og félagsvísindi. Í flokki vísindagreinnanna eru eðlisfræði, efnafræði og líffræði (European Commission, 2023a).

Í 6. Bekk samanstendur prófið í ensku af þremur prófum, prófið í stærðfræði af fimm prófum og prófið í sænsku af fimm prófum. Í 9. Bekk samanstendur prófið í ensku af þremur prófum, prófið í stærðfræði af fjórum prófum og prófið í sænsku af þremur prófum. Í öllum þremur greinunum er eitt af prófunum munnlegt próf bæði í 6.- og 9. bekk. Prófin í vísindagreinum og félagsvísindagreinum eru öllum skipt í tvö próf (Skolverket, 2024).

Í Svíþjóð eru samræmdu prófin á rafrænu formi.

3.1.3 Noregur

Samræmd próf eru ekki lögð fyrir í Noregi fyrr en í 5. bekk en þau eru einnig lögð fyrir í 8.- og 9. bekk. Prófin eru tekin á haustin og nemendur fá 90 mínútur til að leysa prófin í norsku og stærðfræði en 60 mínútur til að leysa prófið í ensku. Tilgangur prófanna er að veita skólum, kennurum og sveitarfélögum upplýsingar um getu nemenda í norsku (lestri), stærðfræði og ensku. Upplýsingarnar sem niðurstöðurnar veita eiga að vera notaðar til að bæta áframhaldandi nám nemenda. Einnig geta vísindamenn sótt um að fá niðurstöður prófanna til að nota í rannsóknum. Prófin eru lögð fyrir rafrænt (Utdanningsdirektoratet, 2023).

3.1.4 Finnland

Finnland er land sem við horfum mikið til þegar kemur að menntamálum þar sem þeir standa mjög framarlega og ná góðum árangri á því sviði. Til að mynda hafa þeir verið meðal fremstu þjóða þegar kemur að alþjóðlegum könnunum eins og PISA könnuninni.

Í Finnlandi eru ekki lögð fyrir samræmd próf á grunnskólastigi þrátt fyrir að finnskir grunnskólanemar taki margskonar próf. Skólum er treyst fyrir því að sjá alfarið um námsmat nemenda í stað þess að hafa samræmd próf sem meta alla nemendur með sömu aðferðum. Skólum er þó treyst fyrir því að fara eftir ríkjandi námskrá í landinu (European Commission, 2023b).

3.1.5 Ontario – Kanada

Í Ontario sér EQAO (Education Quality and Accountability Office) um prófagerð samræmdra prófa en sú stofnun mælir læsi, stærðfræði og skrift á ákveðnum stigum í menntun nemenda. EQAO sér einnig um þátttöku Ontario í alþjóðlegum könnunum eins og PISA. Lögð eru fyrir

samræmd próf í 3., 6.- og 9. bekk. Við lok 3.- og 6. bekkjar er prófað nemendur í lestri, skrift og stærðfræði. Við lok 9. bekkjar er stærðfræðipróf sem metur nemendur í þeirri stærðfræði sem þeir eiga að hafa lært í gegn um skólagönguna samkvæmt námskrá Ontario. Þetta stærðfræðipróf er lagt fyrir í tveimur hlutum og hvor hluti inniheldur 25 spurningar sem eru fjölvalsspurningar eða spurningar þar sem á að fylla í eyður. Spurningar sem nemendur fá 60 mínútur til að svara (Education Quality and Accountability Office, 2023). Við lok 9. bekkjar er einnig lagt fyrir OSSLT-prófið til að athuga hvort nemendur hafi náð lágmarkskröfum í læsi þvert á skólafög. Nemendur geta einnig tekið OSSLT-prófið í byrjun 10. bekkjar. Að standast þetta próf er ein af kröfunum sem gerðar eru til nemenda til að geta útskrifast úr framhaldsskóla (Education Quality and Accountability Office, 2022a). Prófin í Ontario eru rafræn en það var fyrst prófað á skólaárinu 2020/2021 (Education Quality and Accountability Office, 2022b).

3.1.6 Holland

Í Hollandi er menntakerfið sett upp á töluvert annan hátt en Íslendingar eru vanir. Nemendur geta byrjað í grunnskóla við 4 ára aldur en það er ekki skólaskylda fyrr en þeir eru orðnir 5 ára. Flest börn eru í grunnskóla í átta ár en þá er miðað við að nemendur byrji 4 ára. Skólaskylda endar ekki fyrr en nemendur eru orðnir 18 ára en í lok grunnskólans við 12 ára aldur er próf sem er leiðbeinandi fyrir nemendur um næsta skref í þeirra menntun (European Commission, 2024b).

Þegar nemendur eru í 8. bekk (12 ára) taka þeir próf sem eru ráðgefandi fyrir frekara nám. Þessi próf eru haldin á tímabilinu 15. apríl til 15. maí. Á heimasíðu ríkisstjórnar Hollands kemur fram að tilgangur prófanna sé að athuga hvort nemendur hafi náð viðmiðum fyrir hæfni í tungumáli og stærðfræði. Samblanda af þessum prófum og ráðum frá skólanum er notað til þess að ákvarða hvers konar framhaldsnám henti best fyrir hvern og einn nemanda. Einnig kemur fram að nemendur geta ekki „náð“ eða „fallið“ í þessu prófi heldur er það einungis notað sem verkfæri til að hjálpa til með að ákvarða um nám á næsta stigi menntunnar (Government of the Netherlands, e.d.).

3.2 Fjölbreytt menntakerfi

Eins og sjá má af köflunum hér að ofan er allur gangur á því hvernig þjóðir kjósa að haga samræmdum prófum í sínu landi. Það er hægt að taka margt gott úr því hvað aðrar þjóðir eru að gera og mikilvægt er að menntayfirvöld á Íslandi nýti sér þær upplýsingar til að móta samræmt námsmat á Íslandi. Tilhögun prófanna fer eftir því hvaða upplýsingar þjóðir vilja fá út úr prófunum. Það er misjafnt eftir þjóðum hvað þær vilja fá út úr prófunum og hvað niðurstöðurnar eru notaðar í. Þegar horft er yfir þessa samantekt á framkvæmd prófa í þessum

löndum virðist vera Danmörk, Noregur og Svíþjóð leggi mikið upp úr því að hluti prófanna séu munnleg próf. Það hefur ekki tíðkast á Íslandi en gæti verið áhugavert fyrir menntayfirvöld að skoða. Þó er hætt við því að munnleg próf lækki áreiðanleika en til að meta prófin sem jafnast eru gefin einhver viðmið sem á að fara eftir þegar verið er að meta frammistöðu. Þó er ekki hægt að tryggja sama áreiðanleika og með fjölvalsspurningum en ef markmiðið er einfaldlega að nota niðurstöðurnar til að bæta nám nemanda ætti það ekki að skipta höfuðmáli.

Prófatíminn er líka mismunandi milli landa en yfirleitt er verið að miða við að gefa nægan tíma svo að sem flestir ná að fara í gegn um allt prófið. Á Íslandi höfum við haft ákveðinn settan próftíma en hann er yfirleitt nægur til þess að flestir nemendur geti klárað prófin. Próftíminn á Íslandi hefur verið mismunandi eftir bekkjum líkt og í mörgum öðrum löndum.

4 Áætlanir um framtíð samræmdra prófa á Íslandi

Í þessum kafla verður að stóru leyti fjallað um skýrslu sem gefin var út af Menntamálastofnun í júní árið 2022 sem heitir: „*Matsferill: Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið*“. Sú skýrsla fjallar um tillögur starfshóps um framkvæmd samræmds námsmats, framkvæmd og niðurstöður kannana sem voru gerðar og álit sérfræðihóps. Einnig verður notast við fyrri tvær skýrslur starfshópsins sem voru *Áfangaskýrsla* sem gefin var út í nóvember 2018 og *Framtíðarstefna um samræmt námsmat* sem gefin var út í janúar 2020. Þessi kafli ætti að gefa nokkuð góða yfirsýn yfir hver áform starfshópsins eru um framtíð samræmds námsmats á Íslandi.

4.1 Starfshópurinn

Starfshópur um samræmd könnunarpróf var skipaður af Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra þann 16. apríl 2018. Hlutverk starfshópsins var að koma með tillögu að framtíðarfyrirkomulagi samræmdra prófa á Íslandi. Í þeirri vinnu lagði starfshópurinn sérstaka áherslu á að:

- Skoða lagaramma um samræmt námsmat hér á landi og þróun þess frá 2008
- Greina með hvaða hætti staðið er að samræmdu námsmati í skólakerfum nágrennalanda
- Afla gagna sem nýst geta í vinnunni (Stjórnarráð Íslands, 2018, bls. 3).

Fram kom í skýrslu starfshópsins að lagt væri til að „samræmd próf í núverandi mynd verði ekki þróuð frekar og að notkun þeirra verði hætt“ (Stjórnarráð Íslands, 2020, bls. 11). Starfshópurinn telur að samræmd próf eins og þau hafa verið í gegn um tíðina henti ekki skólaumhverfinu eins og það er í dag. Í lokorðum áfangaskýrslunnar sem starfshópurinn gaf út 2018 stendur:

Þau samræmdu próf sem lögð hafa verið fyrir á Íslandi lengst af, hlutverk, markmið og fyrirkomulag þeirra, eiga uppruna sinn í annars konar skólaumhverfi en við þekkjum í dag. Möguleikar fyrir nemendur til að gera grein fyrir þekkingu sinni eða hæfni hafa gjörbreyst og möguleikar kennara til að meta nemendur hafa aldrei verið fjölbreyttari. Því er bæði eðlilegt og mikilvægt að velta fyrir sér framtíðarhlutverki samræmdra prófa (Stjórnarráð Íslands, 2018, bls. 16).

Það virðist því sem starfshópurinn telji að þörf sé fyrir endurbætur á samræmdum prófum á Íslandi í ljósi þess að skólaumhverfi hafi breyst mikið síðan samræmd próf voru lögð fyrir hér á landi í þeirri mynd sem þau hafa verið. Með þróun rafrænna prófa og með það í huga hver þróun samræmdra prófa er í löndunum í kring um okkur telur starfshópurinn því að þörf sé á því að endurskipuleggja samræmd próf á Íslandi. Núverandi hugmynd þeirra um hvað á að taka við er matsferill.

4.2 Matsferillinn

Matsferillinn er verkefni unnið af starfshóp sem skipaður var að menntamálaráðherra þann 16. apríl árið 2018. Hann á að taka við samræmdum prófum á Íslandi. Hann á að vera safn af matstækjum í mörgum námsgreinum og á áhersla að vera lögð á fjölbreytt, stutt, hnitmiðuð rafræn próf og verkefni. Skólar eiga að hafa valfrelsi til þess að nýta þennan svokallaða matsferil og geta valið hvenær á skólaárinu þeir ákveða að nýta hann. Þó er skylda fyrir skóla að leggja fyrir tiltekin próf í íslensku og stærðfræði. Áherslan í matsferlinum er lögð á einstaklingsmiðað nám og á það að vera leiðbeinandi og koma til móts við fjölbreytta kennsluhætti (Stjórnarráð Íslands, 2020).

Í tillögum starfshópsins kemur fram að áhersla verði lögð á að nota rafræn próf þar sem þau fela í sér mikið af möguleikum. Inntak, endurgjöf og meðhöndlun gagna verða mun auðveldari og með þægilegra sniði. Samræmdu könnunarprófin voru nú þegar komin á rafrænt form svo að engin ástæða er að fara til baka með það.

Á vefsíðu stjórnarráðs Íslands kemur fram að hugmyndafræðin á bak við matsferilinn er að færa námsmat nær nemendum og kennurum til umbóta, skólaþróunar og framfara. Hann á að vera hannaður út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla hverju sinni og á hann m.a. að innihalda skimunarpróf til að greina erfiðleika snemma á skólagöngunni (Stjórnarráð Íslands, 2023).

4.3 Framtíðarstefna um samræmt námsmat

Í skýrslu Menntamálastofnunar „*Matsferill: Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið*“ frá 2022 má finna niðurstöður sem fengnar voru eftir vinnu starfshóps, kannanir, álit sérfræðihóps, rýnifundi og samráðsfundi. Þar koma fram mikilvægar upplýsingar um það hvernig starfshópurinn telur að best sé að haga samræmdu námsmati á Íslandi.

Starfshópurinn telur mikilvægt að sátt ríki um það hvert innihald matsferilsins sé. Tilgangur og markmið hans eiga að vera skýr og skýrt þarf að vera hvað á að meta, hvernig, hvenær og hvers vegna. Mikil áhersla á að vera lögð á að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda og veita þeim hann en líka að finna bráðgera nemendur sem þurfa mögulega meira krefjandi verkefni. Einnig á að vera lögð áhersla á að hægt sé að sjá stöðu og framvindu nemenda samanborið við jafnaldra og að sveitafélög hafi aðgang að niðurstöðum sinna skóla. Mikilvægt er að safna gögnum svo að hægt sé að meta gæði skólastarfs til lengri tíma litið. Höfuðáherslu á að leggja á mat í íslensku og stærðfræði og að námsmat skuli hefjast sem fyrst á skólagöngu nemenda.

Í skýrslunni kemur líka fram að almennt ríki mikill vilji fyrir fleiri prófum sem eru styttri en samræmdu könnunarprófin. Þó þarf að hafa í huga að til þess að hámarka áreiðanleika og

réttmæti prófa þurfa þau að ná vissri lengd. Einnig virtist vera samhugur um að próf í íslensku og stærðfræði ættu að vera skylda og að leggja ætti fyrir skimunarpróf í grunnþáttum við upphaf grunnskólagöngu eða lok leikskóla. Það var líka samhugur um að kennarar gætu sjálfir ákveðið hvenær á ákveðnu tímabili þeir myndu leggja prófin fyrir.

Samræming prófanna við aðalnámskrá var einnig í umræðunni en það var nokkuð um það að kennurum fyndist hæfniviðmið hennar ekki nægilega skýr. „Rúmur þriðjungur kennaranna sem tóku þátt í könnuninni um námsmat taldi sig eiga erfitt með að meta frammistöðu nemenda samkvæmt viðmiðum aðalnámskrár“ (Menntamálastofnun, 2022). Mikilvægt er að kennarar geti stuðst við skýr og mælanleg matsviðmið og því þarf að skerpa á og búa til ný og skýrari samræmd viðmið út frá aðalnámskrá.

5 Umræða

Í þessum kafla verður almenn umræða um það sem fram hefur komið í ritgerðinni til þessa. Lögð er áhersla á almenna umræðupunkta og hugmyndir sem koma beint frá höfundi ritgerðarinnar. Í þessum kafla er ekki notast við heimildir en kaflinn er skrifaður út frá því sem kemur fram í köflunum sem hafa komið fram í ritgerðinni.

5.1 Hugsanlegir kostir matsferils

Hugmyndir starfshópsins um matsferilinn eru framúrstefnulegar og miða þær að því að gefa kennurum meira svigrúm og að því að gera prófin þægilegri og gagnlegri fyrir nemendur. Opni prófaglugginn mun gera skipulagið mun þægilegra fyrir kennara og jafnvel líka nemendur þar sem meira svigrúm myndast ef það er enginn einn ákveðinn tími sem allir eiga að taka prófin. Prófin eru líka meira í anda aðalnámskrár þar sem þau miða að því að gera nám einstaklingsmiðaðra og stuðla að leiðsagnarmati. Þessu munu prófin meðal annars ná fram með aukinni endurgjöf til nemenda.

Stytttri próf munu auka þægindi fyrir nemendur og kennara þar sem prófunum verður skipt upp í fleiri hluta í stað þess að hafa eitt langt próf í hverri námsgrein. Þetta er í samræmi við það hvernig mörg önnur nágrannalönd okkar haga samræmdum prófum hjá sér. Þau skipta flest prófunum í nokkur styttri próf í stað þess að vera með fá löng próf. Það stuðlar að sanngjarnara námsmati fyrir nemendur.

Stór kostur matsferils er að hann verður á rafrænu formi en það gerir próftökuna og sérstaklega yfirferð prófsins mun þægilegri. Mikilvægt er að nýta þá tækni sem er til staðar til þess að gera fyrirlögn og yfirferð prófanna einfaldari og skilvirkari.

5.2 Hugsanlegir gallar matsferils

Að mínu mati er einn stór galli við matsferilinn ef hann á að koma í stað samræmdra prófa. Áreiðanleiki prófanna verður að öllum líkindum minni sem gerir niðurstöður þar af leiðandi ekki eins áreiðanlegar. Í matsferlinum á að vera meiri áhersla á réttmæti og það er dregið upp með því að hafa meira skapandi spurningar, eins og t.d. ritanir, útskýringar og styttri ritgerðarspurningar í prófinu. Þessar tegundir af spurningum draga upp réttmæti sem hentar vel fyrir einstaklingsmiðað leiðsagnarmat en á móti draga þær úr áreiðanleika sem er gríðarlega mikilvægur ef námsmatið á að vera samræmt. Við yfirferð á prófunum ættu matsatriði að vera í lágmarki ef við viljum að niðurstöðurnar séu áreiðanlegar. Út frá þessum röksemdum myndi ég segja að matsferillinn henti vel sem miðstýrt námsefni sem gæti verið virkilega nytsamleg verkfærakista fyrir kennara og myndi nýtast vel í námi en ég hef efasemdir um að hann ætti að koma í staðin fyrir hefðbundin samræmd próf.

5.3 Þurfum við samræmt námsmat?

Svarið við spurningunni „þurfum við samræmt námsmat?“ er ekki endilega nei eða já. Samræmt námsmat getur verið virkilega gagnlegt fyrir nám almennt ef staðið er vel að því. Það gefur okkur upplýsingar með áreiðanleika sem erfitt er að fá úr annars konar námsmati. Það hjálpar við að tryggja að sambærilegt nám fari fram í skólum og kennarar geta nýtt sér niðurstöðurnar úr þeim til þess að gefa nemendum námsefni við hæfi hvers og eins. Í matsferlinum á að vera lögð mikil áhersla á að niðurstöður prófanna séu nýttar til þess að móta nám eftir prófin. Það er mjög gott að leggja áherslu á það en það er spurning hvort öll samræmdu prófin eigi að þjóna þeim sama tilgangi. Það gæti verið gott að hafa síðasta samræmda prófið í grunnskóla við lok hans og láta það þjóna tilgangi lokamats samhliða lokamati sem grunnskólinn sér um sjálfur til að tryggja að allir nemendur séu metnir á sömu forsendum.

5.4 Umhugsunarefni

Matsferillinn er spennandi verkefni og mun eflaust bæta námsmat í skólakerfinu. Mín helsta gagnrýni á hann er að ef hann á að koma í stað samræmdra prófa þarf að passa upp á að áreiðanleikinn lækki ekki of mikið.

Mín skoðun er að *matsferillinn* geti hentað vel í yngri bekk grunnskólans og verið notaður sem verkfærakista sem allir skólar landsins hafa aðgang að. Það myndi stuðla að eintaklingsmiðuðu leiðsagnarmati í gegn um skólagöngu nemenda og nýttast kennurum mjög vel ef þeir myndu kjósa að nota hann. Hins vegar myndi ég vilja sjá að á lokastigi grunnskólagöngunnar í annað hvort 9.- eða 10. bekk myndu vera svipuð og gömlu Íslensku prófin eða SATs (Scholastic Assessment Tests) sem notuð eru í mörgum erlendum framhaldskólum. Þessi próf eru í eigu bandaríska fyrirtækisins *Collage Board* og eru eitt af því sem háskólar horfa til þegar þeir eru að velja nemendur. Þar sem prófin eru samræmd geta háskólarnir þá séð hvernig hverjum einstakling gekk í prófunum í stað þess að velja nemendur eftir því í hvaða framhaldsskóla þeir fóru. Þessi próf væru þá mögulega hluti af lokamati nemenda en það er gott að hafa lokamat nemenda að hluta til byggt á einhverju samræmdu námsmati og hluta til af námsmati sem kemur frá skólanum.

Samræmd próf eru mikilvæg mælitæki til þess að mæla þekkingu nemenda á stórum skala (yfirleitt á landsvísu). Því ætti aðstoð kennara að vera í lágmarki svo að nemendur séu að sýna hvað þeir geta án aðstoðar. Það væri því best ef að í næstu mynd samræmdra prófa á Íslandi (hvernig sem þau verða) að óháðir aðilar myndu sjá um framkvæmd prófanna. Það eru þó aðrir þættir sem þarf að hugsa um í sambandi við það eins og fjármagn og mannskapur sem gerir það að líklega ekki framkvæmanlegt.

Notkun samræmdra prófa hefur í gegn um tíðina verið meira notuð til þess að mæla hvort ákveðin hæfni er til staðar þar sem nemendur eru metnir með nákvæmlega sama prófi og allir jafnaldrar þeirra taka. Að mínu mati er það betri notkun á samræmdum prófum en að hafa þau meira í átt að leiðandi námsmati þar sem stór hluti af námsefni sem kemur frá skólunum er þess ætlað. Mér finnst venjuleg skólapróf og kannanir sem nemendur taka í skólunum betur til þess fallin að veita nemendum leiðbeinandi mat en samræmd próf.

6 Lokaorð

Próf geta verið mikilvægur hluti af námsmati hvort sem tilgangur þeirra er leiðsagnarmat, lokamat eða hvoru tveggja. Samræmd próf hafa í gegnum tíðina verið notuð sem lokamat þar sem hvorki nemendur né kennarar fá að sjá prófin eftir að þeim er lokið. Það var gefin raðeinkunn, hæfnieinkunn, samræmd grunnskólaeinkunn, framfaræinkunn og samræmd einkunn þar sem nemendur, forráðamenn, kennarar, skólar og menntayfirvöld gátu séð stöðu nemenda á mörgum mismunandi kvörðum. Stefna menntayfirvalda er að miða námsmat meira í átt að einstaklingsmiðuðu leiðsagnarmati og þau vilja að samræmdu prófin þróist í þá átt. Mikil áhersla verður á endurgjöf úr nýju prófunum svo að nemendur geti nýtt þau meira til þess að læra og bæta sig í námi í stað þess að prófin séu með lokamats sniði.

Matsferillinn verður lagður fyrir þegar hentar best fyrir kennsluna innan opins prófaglugga. Þetta mun þýða að það þurfi að vera til mjög mikið af prófum sem eru með sama erfiðleikastig þar sem að ef prófin eiga að vera með mikinn áreiðanleika væri betra ef allir myndu taka þau að sama tíma. Nemendur gætu þá rætt saman um hvað var á prófinu sem dregur mikið niður réttmæti og áreiðanleika prófsins. Þetta ásamt með þeirri staðreynd að nemendur munu fá að sjá prófaatriðin eftir að þeir hafa lokið við prófin mun þýða að það þurfi að búa til mjög mikið af prófum sem mun hafa í för með sér mikinn aukinn kostnað við að gera prófin.

Samræmd próf eru notuð í grunnskólum víða um heim en hlutverk og markmið þeirra eru mjög mismunandi. Í ferlinu við að þróa *matsferillinn* hefur verið skoðað vel hvernig önnur lönd haga samræmdum prófum hjá sér. Það er virkilega mikilvægt þar sem margt gott er hægt að læra af því hvað önnur lönd eru að gera og með þróun tækninnar verður sífellt auðveldara að horfa til annarra þjóða vegna aukins upplýsingaflæðis. Mörg lönd hafa byrjað að gera samræmd próf hjá sér rafræn og er Ísland ekki frábrugðið því. Það er mikill hagar í því að hafa samræmd próf á rafrænu formi en það gerir yfirferð prófanna mun auðveldari, þægilegri og ódýrari. Einnig verður auðveldara að samræma námsmat milli landa og það verður líklega gert á endanum. Þannig verður hægt að tryggja að nemendur frá mismunandi löndum séu metnir á sama skala.

Þær tillögur sem starfshópurinn hefur lagt fram eru spennandi og munu breyta samræmdum prófum á Íslandi mikið. Að mínu mati eru tillögurnar betur fallnar að almennu námsmati heldur en samræmdum prófum. Ég held að *matsferillinn* myndi nýttast kennurum og nemendum virkilega vel í gegn um skólagönguna og það væri frábært ef til væri stórt safn af prófum og verkefnum sem allir skólar hefðu aðgang að. Ég tel hins vegar að gömlu samræmdu prófin hafi hentað vel til þess að meta getu nemenda í ákveðnum námsgreinum og hafi gefið hagsmunaaðilum góðar upplýsingar um stöðu nemenda. Þó má ekki taka

niðurstöðurnar úr samræmdum prófum sem endanlegu lokamati einu og sér heldur þarf að skoða aðra þætti samhliða þeim niðurstöðum til að fá heildarmynd yfir stöðu nemenda. Niðurstöður samræmdra prófa eru mjög áreiðanlegar en annars konar námsmat er betur fallið til að meta sköpun og verkvit nemenda sem dæmi. Samræmdu prófin eins og þau voru áður voru alls ekki fullkomin mælitæki og margt sem hægt væri að bæta varðandi þau, en ég set spurningarmerki við það að hætta þeim tímabundið án þess að vera með neitt sem tekur við tilbúið. Ég býð þó spenntur eftir frekari upplýsingum um *matsferilinn* og vona að hann verði tilbúinn fyrr en síðar.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.
- Au, W. (2007). High-Stakes Testing and Curricular Control: A Qualitative Metasynthesis. *Educational Researcher*, 36(5), 258-267.
<https://doi.org/10.3102/0013189X07306523>
- Benjamin, A. S., & Pashler, H. (2015). The Value of Standardized Testing: A Perspective From Cognitive Psychology. *Policy Insights from the Behavioral and Brain Sciences*, 2(1), 13-23.
<https://doi.org/10.1177/2372732215601116>
- Britannica ProCon.org. (2024, 28. febrúar). *Do Standardized Tests Improve Education in America*. <https://standardizedtests.procon.org/>
- Børne- og Undervisningsministeriet. (2024, 26. febrúar). *Folkeskolens Nationale Overgangstest*. <https://www.uvm.dk/folkeskolen/test-evaluering-og-skoleudvikling/test-og-evalueringsredskaber/folkeskolens-nationale-overgangstest/folkeskolens-nationale-overgangstest>
- Education Quality and Accountability Office. (2022a). *Assessments*.
<https://www.eqao.com/the-assessments/>
- Education Quality and Accountability Office. (2022b). *Modernization and Digitalization at EQAO*. <https://www.eqao.com/about-eqao/modernization/>
- Education Quality and Accountability Office. (2023). *Grade 9 Assessment of Mathematics Framework*. <https://www.eqao.com/wp-content/uploads/2020/10/Framework-grade9-assessment-of-mathematics.pdf>
- European Commission. (2023a, 27. nóvember). *Sweden: Assessment in single-structure education*. Euridice. <https://eurydice.eacea.ec.europa.eu/national-education-systems/sweden/assessment-single-structure-education>
- European Commission. (2023b, 27. nóvember). *Finland: Assessment in single-structure education*. Euridice. <https://eurydice.eacea.ec.europa.eu/national-education-systems/finland/assessment-single-structure-education>
- European Commission. (2024, 22. mars). *Denmark: Assessment in single-structure education*. Euridice. <https://eurydice.eacea.ec.europa.eu/national-education-systems/denmark/assessment-single-structure-education>
- European Commission. (2024, 26. janúar). *Netherlands: Overview*.
<https://eurydice.eacea.ec.europa.eu/national-education-systems/netherlands/overview>

- Government of the Netherlands. (e.d.). *Compulsory primary school leavers attainment test*. <https://www.government.nl/topics/primary-education/compulsory-primary-school-leavers-attainment-test>
- Kornell, N., Hays, M. J., & Bjork, R. A. (2009). Unsuccessful retrieval attempts enhance subsequent learning. *Journal of Experimental Psychology: Learning, Memory, and Cognition*, 35(4), 989–998. <https://doi.org/10.1037/a0015729>
- Menntamálastofnun. (e. d.). *Samræmd könnunarpróf*. Island.is. <https://island.is/samraemd-konnunarprof>
- Menntamálastofnun. (2022, júní). *Matsferill: Niðurstöður samráðs við skólasamfélagið*. https://mms.is/sites/mms.is/files/skyrsla_mms_2022_matsferill_-_nidurstodur_samrads_vid_skolasamfelagid.pdf
- Meyvant Þórólfsson. (2021, 25. febrúar). *Að byggja námsmat með traustum heimildum*. Skólaþræðir. <https://skolathraedir.is/2021/02/25/ad-byggja-namsmat-a-traustum-heimildum/>
- Point to Point Education. (2018, 2. janúar). *The UK's Exam System Explained*. <https://www.pointtopointeducation.com/blog/uks-exam-system-explained/>
- Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla nr. 173/2017
- Skolverket. (2024, 1. mars). *Provdatum i grundskolan*. <https://www.skolverket.se/undervisning/grundskolan/nationella-prov-i-grundskolan/provdatum-i-grundskolan>
- Stjórnarráð Íslands. (2018, 28. nóvember). *Áfangaskýrsla*. https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Starfshopur-um-samr-konnunarp/Vinnuskjal_afangaskyrsla2018.pdf
- Stjórnarráð Íslands. (2020). *Framtíðarstefna um samræmt námsmat*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/191015_framt%C3%AD%C3%B0arstefna%20um%20samr%C3%A6mt%20n%C3%A1msmat_lokagerd.pdf
- Stjórnarráð Íslands. (2023, 13. mars). *Matsferill – Stefna um nýtt námsmat grunnskóla til umsagnar í samráðsgátt*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/03/13/Matsferill-stefna-um-nytt-namsmat-grunnskola-til-umsagnar-i-Samradsgatt/>

Utdanningsdirektoratet. (2023, 21. júní). *Kva er nasjonale prøver?*

<https://www.udir.no/eksamen-og-prover/prover/nasjonale-prover/om-nasjonale-prover/#go-to-top-target>